

# ÁÆTLUN UM SJÁLFSMAT

**Innra mat**

**BORGARHOLTSSKÓLA**



**2010 – 2013**

# SJÁLFSMAT Í BORGARHOLTSSKÓLA 2010 – 2013

## Drög að VERKÁÆTLUN

### Sjálfsmat

Verkátun þessi um sjálfsmat í Borgarholtsskóla er gerð samkvæmt fyrirmælum laga um framhaldsskóla nr. 92/2008:

Úr lögum nr. 92 12. júní 2008:

### VII. KAFLI

#### Mat og eftirlit með gæðum.

40. gr.

*Markmið.*

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í framhaldsskólum er að:

- a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda,
- b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla,
- c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- d. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

41. gr.

*Innra mat.*

Hver framhaldsskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Framhaldsskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Með virku innra mati skóla skapast grundvöllur fyrir markvissri skoðun á árangri og leiðum til úrbóta og upplýsingagjöf um starfsemina

Verkátun þessi byggir að einhverju leiti á framhaldi sjálfsmats frá 2006 – 2010 en þó með breytingum þar sem skólinn mun ekki lengur styðjast við Framhaldsskólarýni frá Rannsóknarstofu Háskólans á Akureyri. Áætlunin nær til fjögurra ára frá upphafi vorannar 2010 til og með maí 2014.

Sjálfsmati skólans er ætlað að ná til helstu þátta skólastarfsins; kennslu, stjórnunar og rekstrarþátta, samskipta innan skólans, stoðþjónustu og samskipta við aðila utan skólans sem honum tengjast. Sjálfsmatið er unnið í nánnum tengslum við skólanámskrá. Niðurstöður matsins verða jafnharðan leiðbeinandi fyrir umbætur í skólastarfinu og samskipti og samstarf starfsmanna skólans, nemenda og annarra sem skólastarfsemin varðar.

### **Þátttakendur í innra mati**

Yfirumsjón sjálfsmats Borgarholtsskóla er í höndum skólameistara, aðstoðarskólameistara og verkefnisstjóra innra mats. Þeir gera áætlanir um viðhald sjálfsmats skólans, samþykkja gögn og verkefni, bera ábyrgð á úrvinnslu og skýrslugerð. Þeir sjá sömuleiðis um að umbætur komi til framkvæmda. Kennslustjórar hafa umsjón með þáttum sem varða viðkomandi námsbrautir. Starfandi er rýnihópur sem er til halds og trausts varðandi framkvæmd einstakra þátta matsins, s.s. við úrvinnslu og efni í skýrslu, og gerir tillögur um umbótaáætlanir. Í rýnihópnum eru: skólameistari / aðstoðarskólameistari / áfangastjórar, verkefnisstjóri innra mats, einn kennslustjóri og einn kennari. Gæta ber að hafa jafnt kynjahlutfall og eðlilega dreifingu milli bóknáms, verknáms, listnáms og annars náms.

## **Áætlun um framvindu sjálfsmats Borgarholtsskóla 2010 - 2011**

### **Janúar - febrúar 2010**

Kannanir gerðar meðal starfsmanna um viðhorf til vinnustaðarins og líðanar í starfi. Niðurstöður birtar opinberlega á heimasíðu skólans.

### **Mars - maí 2010**

Sértæk könnun sem metur skrifstofu skólans. Unnið að verkáætlun sjálfsmats fyrir næsta skólaár. Rýnihópur endurnýjaður og búinn undir fyrirhuguð matsverkefni.

Á starfsdegi vorannar er gerð SVÓT-greining (eða stuðst við annað sambærilegt greiningartæki) um viðfangsefni sem krefjast úrlausnar á þeim tíma. Rýnihópur vinnur úr niðurstöðum.

### **Ágúst - september 2010**

Skýrslu um sjálfsmat lokið og ábendingar um umbætur lagðar fram. Skýrsla og umbótatillögur birtar opinberlega á heimasíðu skólans.

Kynning á sjálfsmatsáætlun skólaárið 2010-2011 í skólanum.

### **Október 2010 - apríl 2011**

Viðhorfs- og áfangakannanir gerðar meðal nemenda og önnur öflun upplýsinga samkvæmt matsáætlun tímabilsins, þ.m.t. starfsþróunarsamtöl og kannanir meðal starfsmanna. Niðurstöður matsverkefna kynntar. Úrvinnsla gagna og undirbúningur frekari matsvinnu. Niðurstöður birtar opinberlega á heimasíðu skólans.

### **Apríl - maí 2011**

Sértæk könnun sem metur kennslustjóra. Kennarar skólans gera SVÓT-greiningu á starfsdegi. Viðkomandi rýnihópur vinnur úr niðurstöðum.

### **Ágúst - október 2011**

Skýrslu um sjálfsmat lokið og ábendingar um umbætur lagðar fram. Skýrsla og umbótatillögur birtar opinberlega á heimasíðu skólans. Kynning á nýrri sjálfsmatsáætlun í skólanum.

### **Nóvember 2011 - apríl 2012**

Viðhorfs- og áfangakannanir gerðar meðal nemenda og önnur öflun upplýsinga samkvæmt matsáætlun tímabilsins ásamt könnunum meðal starfsmanna. Niðurstöður

matsverkefna kynntar. Úrvinnsla gagna og undirbúningur frekari matsvinnu. Niðurstöður birtar opinberlega á heimasíðu skólans.

#### **Apríl - maí 2012**

Sértæk könnun á stóðþjónustu skólans. Kennarar skólans gera SVÓT-greiningu á starfsdegi. Viðkomandi rýnihópur vinnur úr niðurstöðum. Rýnihópur endurnýjaður.

#### **Ágúst - október 2012**

Skýrslu um sjálfsmat lokið og ábendingar um umbætur lagðar fram. Skýrsla og umbótatillögur birtar opinberlega á heimasíðu skólans.

Kynning á nýrri sjálfsmatsáætlun í skólanum. Rýnihópur endurnýjaður og búinn undir fyrirhuguð matsverkefni.

#### **Október 2012- mars 2013**

Viðhorfs- og áfangakannanir gerðar meðal nemenda. Niðurstöður birtar opinberlega á heimasíðu skólans. Starfsþróunarviðtöl milli stjórnenda og starfsmanna skólans þar sem farið er yfir stöðu viðkomandi starfsmanns varðandi starfsþróun, áskorun í starfi, samstarf, sóknarfæri, menntunarpörf og möguleika á símenntun.

#### **Apríl – maí 2013**

Sértæk könnun á kennsluaðferðum. Kennarar skólans gera SVÓT-greiningu á starfsdegi. Viðkomandi rýnihópur vinnur úr niðurstöðum. Matsáætlun fyrir næsta tímabil kynnt.

#### **Skýrsla um sjálfsmat**

Skýrslur um sjálfsmat Borgarholtsskóla árána 2006 – 2009 liggja frammi og hefur þeim verið skilað samkvæmt áætlun hvert ár. Matsaðferðir skólans voru metnar árið 2007 og taldar fullnægjandi. Gögn um umbótavinnu, s.s. stefnuskrá skólans ásamt skipuriti, starfsáætlanir brauta, starfsmannastefna, jafnréttisstefna og umhverfisstefna skólans, liggja frammi. Þessi viðfangsefni eru öll virk ýmist að öllu leyti eða eftir atvikum. Allt ofantalið er m.a. aðgengilegt á innra neti skólans.

#### **Stefnumið**

Í inngangi að ársskýrslu um innra mat fyrir árið 2005 – 2006 segir eftirfarandi

„Þegar litið er yfir heildarniðurstöður í þessari skýrslu og túlkunar þeirra er þörfin fyrir upplýsingar hvað mest áberandi. Þannig má álykta að einn veigamesti þáttur skólastarfsins á næsta tímabils ætti að lúta að því að upplýsa viðkomandi – starfsmenn, nemendur, foreldra og aðra sem tengjast skólastarfinu – um þau málefni sem þá varðar. Orðið upplýsing hefur hér víða merkingu; m.a. kannanir, úrvinnsla, greining markhópa og miðlun í máli, myndum og texta með fjölbreyttum hætti.“

Samkvæmt þessari vísbendingu má ætla að áhersla verði lögð á allt sem lýtur að upplýsingamiðlun og árangursríku samstarfi allra sem tengjast skólastarfinu á næsta tímabili.

Borgarholtsskóla í Reykjavík, mars 2010

# Áætlun um sjálfsmat haust 2010

1. ár

Mánuður	Verkefni	Nánar
JANÚAR		
FEBRÚAR	Starfsmannakönnun	
MARS	Áfangakönnun, úrtak námshópa	Allir áfangar eru skoðaðir á matstímabilinu
APRÍL	Mat á skrifstofu skólans	Umbótaáætlun kynnt
MAÍ	SVÓT-greining Gögn flokkuð og tekin saman v/skýrslu	„Viðfangsefni líðandi stundar“

## Áætlun um sjálfsmat skólaárið 2010 – 2011 2. ár

Mánuður	Verkefni	Nánar
ÁGÚST	Gögn flokkuð Skýrslugerð síðasta árs	
SEPTEMBER	Skýrslugerð síðasta árs	Kynnt á kennarafundi og birt á heimasíðu skólans
OKTÓBER	Viðhorfskönnun yngri og eldri nemenda	(Endurskoða spurningar)
NÓVEMBER	Áfangakönnun, úrtak námshópa Mat kennara á áföngum  Starfsþróunarsamtöl	Allir áfangar eru skoðaðir á matstímabilinu (Endurskoða spurningar)
DESEMBER		
JANÚAR		
FEBRÚAR	Starfsmannakönnun Könnun - starfsmannasamtöl	(Vinna spurningar vegna starfsmannasamtala)
MARS	Áfangakönnun, úrtak námshópa Mat kennara á áföngum	Allir áfangar eru skoðaðir á matstímabilinu
APRÍL	Mat á kennslustjórum	(Vinna spurningalista) Niðurstöður eingöngu sendar viðkomandi kennslustjóra og skólameistara
MAÍ	SVÓT-greining eða annað greiningartæki  Gögn flokkuð og tekin saman vegna skýrslu	„Viðfangsefni líðandi stundar“

## Áætlun um sjálfsmat skólaárið 2011 – 2012 3. ár

Mánuður	Verkefni	Nánar
ÁGÚST	Skýrslugerð	
SEPTEMBER	Skýrslugerð síðasta árs	
OKTÓBER	Viðhorfskönnun yngri og eldri nemenda	
NÓVEMBER	Áfangakönnun, úrtak námshópa Mat kennara á áföngum	Allir áfangar eru skoðaðir á matstímabilinu
DESEMBER		
JANÚAR		
FEBRÚAR	Starfsmannakönnun	
MARS	Áfangakönnun, úrtak námshópa Mat kennara á áföngum	Allir áfangar eru skoðaðir á matstímabilinu
APRÍL	Mat á stoðþjónustu skólans	(Velja aðferð til þess og vinna spurningar)
MAÍ	SVÓT-greining eða annað greiningartæki  Gögn flokkuð og tekin saman vegna skýrslu	„Viðfangsefni líðandi stundar“

## Áætlun um sjálfsmat haustið 2012-2013 4. ár

Mánuður	Verkefni	Nánar
ÁGÚST	Skýrslugerð	
SEPTEMBER	Skýrslugerð síðasta árs	
OKTÓBER	Viðhorfskönnun yngri og eldri nemenda	
NÓVEMBER	Áfangakönnun, úrtak námshópa Mat kennara á áföngum  Starfsþróunarsamtöl	Allir áfangar eru skoðaðir á matstímabilinu
DESEMBER		
JANÚAR	Lokið við matsáætlun fyrir næsta tímabil	
FEBRÚAR	Starfsmannakönnun	
MARS	Áfangakönnun, úrtak námshópa Mat kennara á áföngum	Allir áfangar eru skoðaðir á matstímabilinu
APRÍL	Mat á kennsluaðferðum	
MAÍ	SVÓT-greining eða annað greiningartæki  Gögn flokkuð og tekin saman vegna skýrslu	„Viðfangsefni líðandi stundar“